

# SAMÞYKKTIR FYRIR SMÁRA SPARISJÓÐ HF.

## Almenn ákvæði

### 1. gr.

Félagið er hlutafélag og er nafn þess Smári sparisjóður hf.

### 2. gr.

Heimili sparisjóðsins og varnarþing er að Túngötu 3, 610 Grenivík og telst starfssvæði sparisjóðsins samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki vera Norðurland og Strandir. Sjóðurinn starfar og býður þjónustu sína með þeim starfsheimildum sem hann hefur lögum samkvæmt á öllu Íslandi.

Sparisjóðurinn hefur starfsstöðvar á Grenivík og Hólmavík.

### 3. gr.

Tilgangur félagsins er að rækja á starfssvæði sínu þá starfsemi sem sparisjóðnum er heimil samkvæmt ákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og starfsleyfi sparisjóðsins.

Samfélagslegt hlutverk félagsins er að vera mikilvæg þjónustu- og fjármálastofnun á sínu nærsvæði þannig að íbúar þess geti stundað eðlileg viðskipti við sparisjóð í sinni heimabyggð og þurfa þess vegna ekki að sækja slíka þjónustu um langan veg. Félagið styður þannig við uppbyggileg samfélagsleg verkefni á starfssvæði sínu hafi félagið afkomu og fjárhagsstöðu til þess svo sem með stuðningi við íþróttar- og æskulýðsstarf og menningar- og líknarmál. Þessu hlutverki er meðal annars sinnt með ráðstöfun á fjárhæð sem nemur hluta hagnaðar samkvæmt 1. mgr. 63. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

## Hlutfé og meðferð þess

### 4. gr.

Hlutfé félagsins er kr. 1.157.818.073 skrifað eittþúsund eitthundrað fimmtíuogsjö milljónir, áttahundruðogátján þúsund sjötiugþrjár krónur. Hver **hlutur** er að fjárhæð ein króna að nafnverði, eða það margfeldi af einni krónu sem hluthafi á í félaginu.

Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins um allt að 307.693.885 krónur að nafnverði í einu lagi eða áföngum, til þess að efna skuldbindingar félagsins vegna samninga sem hún hefur gert við KEA svf. í tengslum við sameiningu Sparisjóðs Höfðhverfinga hf. við Sparisjóð Strandamanna hf. Samningarnir gera ráð fyrir hækkun hlutafjár og það selt á innra virði til KEA. Að öðru leiti ákvarðar stjórn sölureglur, fresti til áskriftar og greiðslufresti. Nýútgefnir hlutir á grundvelli heimildar þessarar skulu vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu. Nýútgefnir hlutir veita réttindi frá skráningardegi hlutafjárhækkunar og skulu sömu ákvæði og kveðið er á um í samþykktum þessum að öðru leyti gilda um nýútgefna hluti í félaginu. Stjórninni er enn fremur heimilt að gera breytingar á samþykktum félagsins í tengslum við hlutafjárhækkun samkvæmt heimild þessari. Hluthafar falla frá forgangsrétti sínum vegna nýútgefinna hluta í samræmi við tillögu þessa og samkvæmt 3. mgr. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Heimild þessi gildir til 1. júlí 2029.

#### **5. gr.**

Heimilt er að hækka hlutafé félagsins umfram það sem kveðið er á um í 4. gr. með ályktun hluthafafundar og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í sínum eigin flokkum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína. Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár.

#### **6. gr.**

Hlutabréf skulu tölusett og hljóða á nafn viðkomandi hluthafa. Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá samkvæmt lögum. Heimilt er að skrá hlutabréf rafrænni skárningu í verðbréfamistöð í samræmi við lög þar að lútandi.

Stjórn félagsins skal heimilt að gefa út ný hlutabréf í stað glataðra bréfa, þótt ógildingardóms hafi ekki verið aflað, er stjórnin telur nægilega sannað að bréfið hafi glatast eða eyðilagst.

#### **7. gr.**

Eigendaskipti að hlutum í félaginu öðlast ekki gildi gagnvart því fyrr en stjórn þess hefur verið tilkynnt um það skriflega og eigendabreytingin færð í hlutaskrá félagsins.

Engar hömlur eru á viðskiptum með hluti í félaginu samkvæmt samþykktum þessum.

#### **8. gr.**

Engum hlutum fylgja sérstök réttindi umfram aðra.

#### **9. gr.**

Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu.

## **Hluthafafundir**

### **10. gr.**

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmætra hluthafafunda.

### **11. gr.**

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok júní ár hvert.

Aðalfundur skal haldinn á Hólmavík eða í Strandasýslu eigi sjaldnar en annað hvert ár.

Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu kjörins endurskoðanda, eða hluthafa sem ráða a.m.k. einum tíunda hluta hlutafjár í félaginu. Skal krafan skriflega gerð og fundarefni tilgreint og fundur boðaður þá innan fjórtán daga. Ef stjórnin skirrist við að boða fund eftir móttöku slíkrar kröfu má leita atbeina stjórnvalda samkvæmt lögum um hlutafélög.

### **12. gr.**

Félagsstjórn skal boða til hluthafafunda með birtingu auglýsingar í fjölmiðli með almenna dreifingu eða með tilkynningu til hvers hluthafa í ábyrgðarbréfi, tölvupósti gegn staðfestingu á móttöku eða á annan jafnsannanlegan hátt. Tilkynning send hluthafa með rafrænni auðkenningu í samræmi við ákvæði laga um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti, telst ávallt fullnægjandi og sannanleg boðun. Hluthafafund skal boða lengst fjórum vikum fyrir fund. Aðalfund skal boða skemmst tveimur vikum fyrir fund en aukafund skemmst viku fyrir fund. Þó má halda hluthafafund sem boðaður er með skemmst einnar viku fyrirvara ef hluthafar, sem ráða yfir a.m.k. 90% af hlutafé, samþykkja það fyrir fram skriflega. Fundarefnis skal getið í fundarboði. Félagsstjórn getur ákveðið að hluthafar geti tekið þátt í hluthafafundum rafrænt, þ.m.t. greitt atkvæði án þess að vera á staðnum. Um rafræna þátttöku í hluthafafundi gilda ákvæði 80. gr. laga um hlutafélög eftir því sem við á.

Hluthafafundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður.

Hluthafafundur kýs fundarstjóra og fundarritara.

### **13. gr.**

Eitt atkvæði fylgir hverri einni krónu í hlutafé. Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn.

Á hluthafafundi ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé fyrir mælt í landslögum eða samþykktum þessum. Samþykki allra hluthafa þarf til þess:

- a. að skylda hluthafa til að leggja fram fé í félagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar,
- b. að takmarka heimild manna til meðferðar á hlutum sínum umfram það sem af lögum leiðir, eða
- c. að breyta ákvæðum samþykktanna um hlutdeild manna í félaginu eða jafnrétti þeirra á milli.

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins eða um sameiningu þess við önnur félög eða fyrirtæki má ekki taka til meðferðar á fundum þess nema þess hafi verið getið í fundarboði.

#### 14. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Stjórn félagsins skal skýra frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skulu lagðir fram ásamt athugasemdum endurskoðanda félagsins til samþykktar. Jafnframt skal lögð fram starfskjarastefna.
3. Stjórn félagsins skal kjörin og endurskoðandi.
4. Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.
5. Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnarmanna og endurskoðanda fyrir störf þeirra á starfsárinu.
6. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Heimil er notkun rafrænna skjalasamskipta og rafpósts í samskiptum milli félagsins og hluthafa í stað þess að senda eða leggja fram skjöl rituð á pappír. Nær heimildin til hvers kyns samskipta milli félagsins og hluthafa svo sem um boðun hluthafafunda, greiðslu arðs eða annarra tilkynninga sem félagsstjórn ákveður að senda skuli hluthöfum. Eru slík rafræn samskipti jafngild samskiptum á pappír. Sé heimildin nýtt skal félagsstjórn setja reglur um framkvæmd rafrænna samskipta og þær kröfur sem gerðar eru til hugbúnaðar sem skal vera hluthöfum aðgengilegur. Þeir hluthafar sem hyggjast nýta rafræn samskipti við félagið með þessum hætti skulu staðfesta það í samræmi við þær reglur sem félagsstjórn setur.

Stjórn er heimilt að ákveða að hluthafar geti tekið þátt í fundarstörfum hluthafafunda með rafrænum hætti án þess að vera á fundarstað. Telji stjórn að tiltækur sé nægilega öruggur búnaður til að gefa hluthöfum kost á að taka þátt í fundarstörfum með rafrænum hætti án þess að vera á fundarstað og ákveði stjórn að nýta þessa heimild skal þess sérstaklega getið í fundarboði. Hluthafar sem hyggjast nýta sér rafræna þátttöku skulu tilkynna skrifstofu félagsins þar um með fimm daga fyrirvara og leggja þar fram skriflegar spurningar varðandi dagskrá eða framlögð skjöl sem þeir óska svara við á fundinum.

Stjórn er heimilt að ákveða að hluthafafundur verði aðeins haldinn rafrænt en það skal eingöngu gert ef erfitt er að halda staðfund s.s. vegna farsóttar eða veðurfarslegra þátta.

Telji stjórn gerlegt að halda fundinn að hluta eða að öllu leyti rafrænt með viðeigandi búnaði og gefa hluthöfum þannig kost á þátttöku í fundarstörfum og atkvæðagreiðslu skal í fundarboði koma fram upplýsingar um tæknibúnað auk upplýsinga um það hvernig hluthafar tilkynni þátttöku sína og hvar þeir nálgist leiðbeiningar um fjarskiptabúnað, aðgangsorð til þátttöku í fundinum og aðrar upplýsingar. Jafngildir innslegið aðgangsorð í tölvuforrit undirskrift viðkomandi hluthafa og telst viðurkenning á þátttöku hans í hluthafafundinum.

### **Stjórn félagsins**

#### **15. gr.**

Fundargerðarbók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á hluthafafundum.

#### **16. gr.**

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Kosnir skulu tveir varamenn til sama tíma.

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja aðila.

Undirskriftir þriggja stjórnarmanna skuldbinda félagið. Stjórnarfundir eru lögmætir ef þrír stjórnarmenn sækja fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum. Stjórnarfundir má halda með rafrænum hætti sem og að einstakir stjórnarmenn eiga rétt á að tengjast stjórnarfundum með rafrænum hætti. Halda skal fundargerð um stjórnarfund.

#### **17. gr.**

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri.

Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

### **Framkvæmdastjórn og prókúruumboð**

## **18. gr.**

Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Hún veitir og prókúruumboð fyrir félagið.

Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfsliðs.

Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

## **Önnur ákvæði**

### **19. gr.**

Starfsár og reikningsár er almanaksárið. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðanda eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund.

### **20. gr.**

Hluthafar þurfa ekki að sæta innlausn hluta sinna nema lög standi til annars.

### **21. gr.**

Samþykktum þessum má breyta á lögætum aðalfundi eða aukafundi með 2/3 hlutum greiddra atkvæða, svo og með samþykki hluthafa sem ráða yfir a.m.k. 2/3 hlutum af því hlutafé í félaginu sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum eða landslögum.

### **22. gr.**

Með tillögur um slit og skipti á félaginu skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins til að ákvörðun um slit sé gild. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda.

### **23. gr.**

Þar sem ákvæði samþykkt þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga um hlutafélög, ákvæðu laga um fjármálafyrirtæki svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

18. júní 2026

[Rafrænt undirritað]